

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað,
nr. 814 28. desember 1983.

1. gr.

42. gr. orðist svo:

Enginn má setja upp knattborðsstofu nema með leyfi lögreglustjóra.

Lögreglustjóri getur og afnumið leyfið ef hann álitur ástæðu til. Unglingar undir 14 ára mega ekki spila billjard á knattborðsstofu og er á ábyrgð knattborðsstofuhafa ef út af er brugðið.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. mars 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Símon Sigvaldason.

Nr. 214

26. mars 1996

GJALDSKRÁ

**SFH, Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda,
vegna flutnings markaðshljóðrita utan útvarpsstöðva.**

Með tilvísun til 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 1972 og skv. heimild í 2. gr. samþykktu Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda, staðfestum af menntamálaráðuneytinu hinn 21. júlí 1973, er hér með sett svofelld gjaldskrá:

Þóknun til SFH fyrir notkun markaðshljóðrita til opinbers tónflutnings í markaðs-sölskyni utan útvarpsstöðva skal nema 60% af samningsbundnum eða löglega ákveðnum gjöldum til Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar fyrir opinberan flutning. Þó þannig að frá og með 1. mars 1996 skal álagið aðeins nema 40%. Frá og með 1. júlí 1996 50% og að lokum fullt gjald þ.e. 60% frá og með 1. júlí 1997.

Gjaldskyldir eru þeir aðilar, sem nota vernduð markaðshljóðrit til tónflutnings utan útvarpsstöðva. Þóknun til SFH greiðist, hvort heldur um er að ræða beina notkun hljóðrita eða óbeina eftir útvarpi.

Með birtingu þessari staðfestist hér með framangreind gjaldskrá á grundvelli 47. gr. höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum.

Menntamálaráðuneytinu, 26. mars 1996.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

Endurprentað blað.